

Starfsreglur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

1. Skipun og hlutverk

Úthlutunarnefnd er kjörin á ársþingi/haustþingi SSNV til tveggja ára í senn í samræmi við gr. 2.5 og 4.2 í samþykktum SSNV, ~~sbr. 7. gr. samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.~~

Hlutverk úthlutunarnefndar er eftirfarandi:

1. Nefndin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra samkvæmt ~~verklags- og~~ úthlutunarreglum sjóðsins að fengnu samþykki stjórnar SSNV.
2. Nefndin vísar þeim umsóknum sem berast til faglegrar umfjöllunar, annaðhvort til fagráðs menningar eða fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, eftir eðli umsóknanna.
3. Nefndin tekur við tillögum fagráðanna um styrkveitingar og gengur úr skugga um að farið sé eftir ákvæðum gildandi samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019, markmiðum og áherslum gildandi Sóknaráætlunar landshlutans og ~~Verklags- og~~ úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.
4. Nefndin tekur ákvörðun um þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og tillagna fagráðanna.
5. Nefndin skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
6. Nefndin skal árlega endurskoða ~~verklags- og~~ úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðsins og leggja breytingatillögur fyrir stjórn SSNV til samþykktar, telji nefndin þörf á breytingum.
7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.

Um hæfi nefndarmanna við úthlutun styrkja fer eftir ~~7.~~grein 2.3 í samnings-samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra ~~2015-2019~~2020-2024.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. ~~verklags- og~~ úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

2. Stjórnskipan

Úthlutunarnefnd er skipuð ~~fimm-þremur~~ mönnum. Ársþing/haustþing kýs formann-~~og tvo~~ ~~nefndarmenn~~. Formenn fagráðanna sitja jafnframt í nefndinni.

~~Samkvæmt 7. grein samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 mega kjörnir fulltrúar sveitarstjórna ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta heldur ekki setið í úthlutunarnefnd.~~

3. Endurskipun

Nefndarmenn hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist nefndarmaður eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Fundir úthlutunarnefndar eru lögmætir ef meirihluti nefndarinnar, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Fundargerð úthlutunarnefndar skal vera rafræn. Fundargerð skal send stjórn SSNV til kynningar.



5. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í úthlutunarnefndinni.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.

[Samþykkt á ársþingi/haustþingi SSNV 23. október 2020.](#)